

Fundargerð háskólaráðs
388. fundur fimmtudaginn 16.11.2017 kl. 14:00-16:30
Borgir, R262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:00.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda (kom á fundinn kl. 15:11)

Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra

Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Forföll boðuðu:

Finnbogi Jónsson

Erla Björg Guðmundsdóttir

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 387. fundar

1710009

Fundargerð samþykkt með athugasemd frá Brynhildi. Fundargerðin verður send út rafrænt til endursamþykktar og gert ráð fyrir rafrænni samþykkt.

2. Stefna ríkisaðila og áætlun til þriggja ára

1610050

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri kom inn á fundinn undir þessum lið. Ekkert óvænt sem hefur komið upp á í rekstrinum og stefnir í að rekstur skólans verði á áætlun í lok árs.

Ólafur fór einnig yfir rekstraráætlun til þriggja ára í samræmi við þriggja ára áætlun stjórnvalda. Einnig var lagt fyrir fundinn stefnuskjal ríkisaðila 2018-2020 sem HA hefur skilað inn til menntamálaráðuneytis í samræmi við ný lög

um ríkisfjármál. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi og þriggja ára áætlun stjórnvalda er fjárhagsrammi næstu þriggja ára fyrirsjáanlegur og ljóst að ekki verður um niðurskurð að ræða – í raun er um að ræða óbreytta stöðu og gert ráð fyrir að fyrirhuguð framlög standi undir núverandi rekstri skólans.

Ólafur yfirgaf fundinn kl. 14:33

Rektor fór yfir stefnuskjal ríkisaðila 2018-2020 fyrir Háskólann á Akureyri. Háskólaráð samþykkir framlögð skjöl, rekstraráætlanir 2018-2020 og stefnuskjalið þar að baki.

3. Stefnumótun

1703017

- **Staða vinnu við stefnumótun**
Rektor sagði frá stöðu mála í vinnu við nýja stefnu. Rektorsskrifstofa vinnur að samantekt á gögnum sem hafa verið unnin inni á fræðasviðum og háskólaskrifstofu, með það að markmiði að setja fram sameiginlega stefnu í formi stefnubæklings í svipuðu formi og núverandi stefna er.
- **Sértækar stefnur til endurskoðunar**
Þegar núverandi vinnu við heildarstefnumótun háskólans 2018-2023 lýkur liggur fyrir að leggjast þarf í endurskoðun á sértækum stefnum, s.s. mannauðsstefnu, stefnu í skjalastjórnun, stefnu um sveigjanlegt nám og málstefnu.
- **Jafnlaunavottun**
Ný lög um jafnlaunavottun voru samþykkt á Alþingi í júní s.l. og taka gildi 1. janúar n.k. Rektor vakti athygli á því að HA þarf að hefja undirbúning að jafnlaunavottun háskólans – sem samkvæmt lögnum á að liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2019.

4. Nýtt námsframboð

Rektor vakti athygli háskólaráðs á nýju verklagi um nýtt námsframboð, en tillaga að nýju námsframboði þarf að liggja fyrir í júní árið áður en áætlað er að hefja nýtt nám. Engar tillögur liggja fyrir frá deildum um nýtt námsframboð fyrir haustið 2018.

5. Ný lög um persónuvernd

Í maí 2018 munu ný lög um persónuvernd taka gildi og ljóst er að þarf að fara yfir ferla skólans með tilliti til þessara nýju laga. Æskilegt er að opinberu háskólarnir vinni saman að þessu verkefni til að samræma meðferð persónuupplýsinga í öllum opinberu háskólunum. Rektor mun taka málið upp á vettvangi samstarfsnets opinberu háskólanna.

6. Könnun samstarfsnefndar opinberra háskóla um gæði háskólanáms

Rektor fór gróflega yfir niðurstöður HA í árlegri könnun samstarfsnefndrar opinberra háskóla um gæði háskólanáms.

7. Starfsmannamál

Forstöðumaður fjármálasviðs hefur sagt upp störfum og auglýst hefur verið eftir nýjum forstöðumanni. Einnig liggur fyrir að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu, sem einnig hefur sagt upp störfum.

Rektor fór yfir drög að bréfi til kjararáðs vegna óskar um endurmat á starfi rektors HA í ljósi breytinga á háskólanum undanfarin ár og áratugi, en starfið hefur ekki verið endurmetið frá stofnun háskólans. Háskólaráð samþykkir að rektor sendi bréfið til kjararáðs.

Rektor lagði fram til kynningar skýrslu ytri ráðgjafa um starfsmannamál á viðskipta- og raunvísindasviði.

8. Mál til kynningar

- **Háskólafundur 28.11.2017**
- **Reglur um námsframvindu í vinnslu**
- **Gæðaúttektir – sjálfsmat deilda**
- **Beiðni frá FSHA til framkvæmdastjórnar vegna árshátíðar nemenda**
- **Kostnaðaráætlun vegna kennslufræðinámskeiðs fyrir kennara**
- **Nemendur í nefndum og ráðum**

9. Önnur mál

- **Háskólasetur Austfjarða/Austurlands – staða mála**
Staða mála í verkefninu rædd stuttlega. Háskólaráð minnir á að mikilvægt sé að unnið sé að stofnun Háskólaseturs í góðu samstarfi innan landshlutarins og með hagsmuni landshlutans í huga, með aðkomu allra viðkomandi aðila, þ.e. sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á svæðinu með það að markmiði að byggja upp staðbundið háskólanám á svæðinu. Rektor er í stýrihóp verkefnisins og mun koma því á framfæri til forsvarsmanna verkefnisins.
- **Jólagjöf til starfsmanna**
Háskólaráð samþykkir að jólagjöf til starfsmanna í ár verði veglegri en áður í tilefni af 30 ára afmæli og áfanganum sem felst í heimild til doktorsnáms.

- **Nansen prófessor**
Hermína spurðist fyrir um Nansen-prófessorstöðuna, staðsetningu hennar innan skólans o.fl. Rektor upplýsti háskólaráð um fjármögnun stöðunnar og núverandi stöðu mála.
- **Góðvinir og stofnfjár sjóður**
Drög að skipulagsskrá stofnfjár sjóðs góðvina er í skoðun hjá lögfræðingi og munu lokadrög liggja fyrir á næstu dögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45.